

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

---

### 1. gr.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 21. gr. laganna og í stað sömu orða í 25. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Bændasamtök Íslands.

Í stað orðanna „sker Búnaðarfélag Íslands úr“ í 3. másl. 26. gr. laganna kemur: skera Bændasamtök Íslands úr.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands úrskurðar“ í 4. másl. 41. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands úrskurða.

### 2. gr.

3. mgr. 66. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð falið Bændasamtökum Íslands að hafa umsjón með samræmingu á gerð og útgáfu markaskráa og upptöku nýrra marka og ákveðið að öll mörk í landinu skuli sameiginlega færð í tölvu í umsjá þeirra. Kostnað af starfi Bændasamtaka Íslands vegna þessa verkefnis greiðir stjórn hvers fjallskilaumdæmis í hlutfalli við markafjölda.

### 3. gr.

2. másl. 2. mgr. 69. gr. laganna orðast svo:

Skal einn skipaður eftir tilnefningu Bændasamtaka Íslands, annar eftir tilnefningu yfirdýralæknis og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 6. mars 1996.*